

Viðauki I við fjárhagsáætlun Flóahrepps 2022.

Við gerð fjárhagsáætlunar Flóaskóla fyrir árið 2022 var umræða um framlög til endurnýjunar á tölvubúnaði skólans, endurnýjun á nemendatölvum/fjölgu á nemendatölvum og endurnýjun á tölvum fyrir starfsmenn. Ekki lágu fyrir endanleg tilboð í þennan búnað á þeim tíma sem gengið var frá gögnum fjárhagsáætlunarinnar til annarrar umræðu og því ákveðið að gera viðauka um leið og ljós væri hver væri kostnaður við þetta verkefni.

Hér liggur því fyrir tillaga um að gera viðauka við fjárhagsáætlun Flóaskóla vegna tölvubúnaðar og hljóðar hann upp á 2,1 milljón. Skólinn býr í dag að öflugum kennurum sem hafa sérþekkingu á þessu sviði og mikilvægt að nýta mannauðinn til innleiðingar og nýsköpunar á þessu sviði sem fyrst.

Viðauka I verður mætt með lækkun á eigin fé.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri